

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/683

2016/EES/52/13

frá 2. maí 2016

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á própíónsýru — própíónötum (E 280-283) í tortillur (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 14. júlí 2015 var lögð fram umsókn um framlengingu á notkun á kalsíumprópiónati (E 282) sem rotvarnarefni til að lengja geymsluþol tortillna. Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Notkun á própíónsýru — própíónötum er nauðsynleg til að lengja geymsluþol tortillna þar eð varan skemmist mjög hratt vegna mikils rakainnihalds og samsetningar sem er næm fyrir vexti örvera.
- 5) Própiónsýra — própiónöt eru mikið notuð til að koma í veg fyrir vöxt myglusveppa í brauðvörum úr gerdeigi vegna þess að þau hafa óveruleg áhrif á ger og lykt eða bragð lokaafurðarinnar.
- 6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu varðandi endurmat á própiónsýru (E 280), natríumprópiónati (E 281), kalsíumprópiónati (E 282) og kalíumprópiónati (E 283) sem matvælaaukefni ⁽³⁾ að hámarksstyrkur þessara efna sem matvælaaukefna skapi ekki öryggisvanda við þá notkun og notkunarmagn sem nú eru leyfð. Leyfi fyrir notkun á própiónötum í tortillur er rýmkun sem leiðir ekki til viðbótarvanda þar eð váhrifamat Matvælaöryggisstofnunarinnar náði yfir matvælaflokk 07.1 „Brauð og smábrauð“.
- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að slík uppfærsla hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð rýmkun á notkun á própiónsýru — própiónötum (E 280–283) sem rotvarnarefni í tortillur telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 8) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 117, 3.5.2016, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensim í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(7), 3779.

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. maí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslanna fyrir própíónsýru — própíónöt í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í matvælaflokknum 07.1 „Brauð og smábrauð“ komi eftirfarandi:

„E 280–283	Própíónsýra — própíónöt	3000	(1) (6)	Einungis forpakkað brauð í sneiðum og rúgbrauð
E 280–283	Própíónsýra — própíónöt	2000	(1) (6)	Einungis orkuskert brauð, hálfbakað forpakkað brauð, forpökkuð rúnnstykki, tortillur og pítubrauð, forpökkuð pylsubrauð, bollur og dönsk snittubrauð
E 280–283	Própíónsýra — própíónöt	1000	(1) (6)	Einungis forpakkað brauð“